

**Efni: Veiðistjórnun rjúpu – Afstaða Fuglaverndar**

**14.12.2023**

Komið þið sæl Skúli, Bjarni, Steinar, Freyja og Sigurður  
Stjórn Fuglaverndar tók veiðistjórnun á rjúpu til umfjöllunar á fundum sínum dagana  
28.11.2023 og 12.12.2023.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram komu á samráðsfundi UST, NÍ, ráðuneytisins,  
Skotvís og Fuglaverndar þann 28.11.2023 og í gögnum frá Fred Allen Johnson, vill  
stjórn Fuglaverndar koma eftirfarandi afstöðu sinni á framfæri:

- 1) Á íslenskum válista fugla er rjúpan talin vera tegund í yfirvofandi hættu (NT). Er staða hennar þar til komin vegna neikvæðrar leitni stofnsins síðustu ár, sem nemur liðlega 3% á ári og rétt tæplega 30% á 10 árum<sup>1</sup>. Á fyrri hluta 20. aldar var meira af rjúpu en verið hefur síðustu áratugi en þá taldi rjúpnastofninn 3–5 milljónir fugla í hámarksárum. Þegar ákvörðun er tekin um ásættanlega framtíðarstofnstærð rjúpunnar er því mikilvægt að hafa í huga að bæði meðalfjöldi og miðgildi stofnstærðar rjúpu á árunum 2005-2023 voru langt undir því sem ásættanlegt er. Í ljósi þess verður að velja leið til veiðistjórnunar sem tekur mið af því að stærð rjúpnastofnsins verði meiri en hún hefur verið undanfarin 19 ár. Fuglavernd er náttúruverndarfélag og kys sem slíkt ávallt að fara varfærna leið við stjórnun veiðistofna. Rjúpnaveiðar eru sportveiðar og forðast ætti að velja leiðir til veiðistjórnunar sem halda rjúpnastofninum að staðaldri verulega undir þeirri stofnstærð sem náttúruleg takmörk setja, enda er það í anda þess lykiltakmarks nútíma náttúruverndar að náttúran fái að þróast eftir eigin lögmálum. Þegar litið er til allra fyrrgreindra atriða er ljóst að Fuglavernd getur ekki stutt leiðir A-C sem veiðistjórnunarleiðir, þar sem þær eiga það sameiginlegt að valda því að stofni rjúpunnar yrði ýmist haldið undir því sem hann hefur verið undanfarin 19 ár, a.m.k. fyrir sum svæði, eða myndu að öllum líkindum viðhalda óeðlilega lágri stofnstærð.
- 2) Fuglavernd bendir á að rjúpan á Íslandi lifir ekki í tómarúmi, heldur er lykiltegund í vistkerfi landsins og gríðarlega mikilvæg fæða fyrir fálkann. Það er vel þekkt að fálkinn er algjörlega háður rjúpnastofninum og sveiflast stofn hans í takt við fjölda rjúpna. Ef rjúpnastofninum er haldið verulega undir því sem nemur burðargetu lands er um leið tekin ákvörðun um minni fálkastofn en náttúrulegt væri. Stærri rjúpnastofn þýðir stærri fálkastofn. **Mikilvægt er að standa vörð um fálkann og tryggja sem stærstan stofn til að viðhalda erfðabreytileika og stuðla að betri**

<sup>1</sup> <https://www.ni.is/is/biota/animalia/chordata/aves/galliiformes/rjupa-lagopus-muta>

**afkomu stofnsins til lengi tíma.** Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að fálkinn telst vera tegund í nokkurri hættu (VU) á íslenskum válista fugla<sup>2</sup>.

- 3) Fuglavernd telur að náttúran eigi alltaf að njóta vafans þegar kemur að veiðistjórnun. Með það í huga er eðlilegra, þegar tekið er upp nýtt kerfi, að byrja varlega og frekar bæta í þegar frá líður ef í ljós kemur að stofninn þolir það. Einnig bendir Fuglavernd á að mikil óvissa, sem endurspeglast í mjög víðum öryggismörkum á leiðum A-E, er enn til staðar varðandi þær veiðistjórnunarleiðir sem settar hafa verið fram. Þess vegna er eðlilegt að byrja með varfærna leið (eins og E eða D) þegar kemur að nýju stofnstjórnunarlíkani. Þar að auki álfitur Fuglavernd að „passive adaptive approach“ leiðin sé ásættanleg til að byrja með, þótt „active approach“ skv. upplýsingum frá Fred sé árangursríkari leið til langs tíma. Fuglavernd telur að betri reynsla verði að vera komin á veiðistjórnunarkerfið áður en „active approach“ leiðin gæti verið tekin upp.
  
- 4) Mikið hefur verið rætt um nauðsyn þess að sátt náist um veiðistjórnun á rjúpu. Í kynningum frá Fred er sett fram það sjónarmið (reiknað út frá "Nash solution" á „Pareto frontier“ línu) að B og C leiðir séu þær veiðistjórnunarleiðir sem endurspeglar best málamiðlun á milli þess að veiða sem mest og að hafa sem stærstan rjúpnastofn þrátt fyrir veiðar, þ.e. málamiðlun milli leiða A til E. Leið A er kölluð „maximum sustainable harvest“ á glærum frá Fred en er oftast kölluð „maximum sustainable yield“ (MSY). Samkvæmt því er miðað við að minnka stofn niður í helming þess sem náttúrulegt væri miðað við burðargetu lands. Fuglavernd bendir á að veiðar samkvæmt MSY gætu aldrei komið til greina við rjúpnaveiðar á Íslandi. Í fyrsta lagi hefur það að miðað við MSY við stjórnun veiðistofna sætt mikilli gagnrýni síðustu ár,<sup>3</sup> þar sem í ljós hefur komið að þessi nálgun hefur oft leitt til ofveiði stofna. Í öðru lagi er þetta einnar tegundar nálgun þar sem ekki er tekið tillit til samspils tegunda. Sýnt hefur verið fram á að ef bráðartegund (eins og rjúpu) er stjórnað með þessum hætti gæti það leitt til útdauða þess rándýrs sem treystir á hana (í þessu tilfalli fálkans)<sup>4</sup>. Loks er rétt að benda á að hugtakið „sustainable“ hefur tekið talsverðum breytingum frá því að MSY kenningin var fyrst sett fram í byrjun síðustu aldar og getur það valdið ruglingi. Í dag er aðeins talið ásættanlegt að notast sé við vistkerfisnálgun, eigi nýtjar að vera sannarlega sjálfbærar. Í ljósi alls þessa telur Fuglavernd að leið A ætti alls ekki að vera á borðinu þegar leitað er málamiðlunar. Þá fela allar þær leiðir sem lagðar hafa verið fram í sér verulega skerðingu rjúpnastofnsins, miðað við burðargetu lands. Til að mynda felur varfærna leiðin (E) í sér hátt í 40% skerðingu á náttúrulegri

<sup>2</sup> <https://www.ni.is/is/biota/animalia/chordata/aves/falconiformes/falki-falco-rusticolus>

<sup>3</sup> <https://www.nhbs.com/all-the-fish-in-the-sea-book>

<sup>4</sup> <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0304380010001699>

stofnstærð. Í ljósi stöðu rjúpunnar á válista hefði verið eðlilegt að bjóða upp á fleiri varfærna kosti, svo sem skerðingu um 30% eða 20% og jafnvel hafa þann kost að friða rjúpuna með í spilinu þegar leitað er ásættanlegrar málamiðlunar. Af þessum sökum telur Fuglavernd augljóst að málamiðlanir sem lagðar hafa verið fram séu mjög skekkta í áttina að of mikilli nýtingu, sem einmitt endurspeglast í að leið B (og stundum C) leiðir oft til minni eða svipaðrar stofnstærðar rjúpu og síðustu 19 árin, sem kom henni á válista. Fuglavernd vill gjarnan eiga þátt í að finna ásættanlega málamiðlun, en þá verður hún að vera sett fram á réttum forsendum.

Í ljósi stöðu bæði rjúpunnar og fálkans á íslenskum válista, væri að mörgu leyti ekki óeðlilegt að friða rjúpuna alveg fyrir veiðum þar til rjúpnastofninn stendur betur. Fuglavernd getur þó skilið þörfina fyrir að sátt náist varðandi veiðistjórnun á rjúpu og að ólíklegt væri að friðun yrði gerð í sátt. Með það að leiðarljósi leggur félagið eftirfarandi til:

- 1) Farin verður leið E. Mögulega væri hægt að fara leið D til vara.
- 2) Farin verður „passive adaptive approach“ leiðin.
- 3) Tekin verður upp svæðisbundin stjórnun, með mismunandi fjölda veiðidaga eftir landshlutum, eins og lagt hefur verið til.
- 4) Nauðsynlegt er að taka tillit til fálkans við veiðistjórnun á rjúpu, þá bæði áhrifa hans á rjúpnastofninn við mismunandi aðstæður, sem og hvaða áhrif mismunandi stofnstærðir rjúpu hafa á fálkastofninn, þ.e. hversu stórum hluta fálkastofnsins væri fórnað til að menn gætu veitt sér rjúpu. Bent er á að stofntölur fyrir fálkann eru þekktar fyrir hluta af landinu (NA) og óðalstölur fyrir restina af landinu. Brýnt er að gera líkan um þessi áhrif, sem notað yrði í veiðistjórnun rjúpu, og sett hámark á það hlutfall fálkastofnsins sem fórnað verður til að leyfa rjúpnaveiðar.
- 5) Æskilegt væri að nota einnig viðkomutölur rjúpunnar eftir varptíma hvers árs í líkanið og við ákvarðanatöku til að hafa möguleikann á að bregðast við þegar viðkomubrestur er fyrirsjáanlegur. Ef ekki þykir fýsilegt að styðjast við viðkomutölur leggur Fuglavernd til að bæta inn veðurgögnum í líkanið þar sem nokkuð sterk tengsl eru á milli veðurfars á viðkvæmum tíma fyrir ungana og viðkomu hvers árs.

Þar sem farsæl veiðistjórnun rjúpunnar er algjörlega háð ítarlegri vöktun stofnsins, sem og vöktun fálkastofnsins, vill Fuglavernd áréttta mikilvægi þessara rannsókna og að þeim sé veitt nauðsynlegt fjármagn til frambúðar.

Að lokum óskar Fuglavernd eftir upplýsingum um eftirfarandi:

- Er innifalinn í þeim veiðistjórnunaráformum sem nú liggja fyrir sá möguleiki að stöðva veiðar tímabundið sjálfkrafa ef rjúpnastofninn minnkar mikið? Ef svo, við hvaða ástand stofnsins yrði gripið til slíkra ráðstafana? Ef ekki, leggur Fuglavernd til að skilgreind verði stofnstærð þar sem veiðum yrði sjálfkrafa hætt.
- Hver er ástæða þess að einungis sé litið til fjölda veiðidaga en ekki afla veiðimanna í veiðistjórnunarlíkaninu sem hér er til umræðu? Í gegnum árin hafa stundum verið gefin út tilmæli til veiðimanna um að veiða ekki meira en ákveðinn fjölda rjúpa. Verður öllum slíkum tilmælum hætt? Fuglavernd telur ákjósanlegt að gefa á hverju ári út viðmið um æskilegan hámarksfjölda fugla sem hver veiðimaður má skjóta.
- Hvernig verður staðið að endanlegri ákvörðun um fyrirkomulag veiðistjórnunar á rjúpu í þeirri vinnu sem nú standur yfir?

Með góðum kveðjum, f.h. stjórnar Fuglaverndar  
Menja von Schmalensee, formaður  
Hólmfríður Arnardóttur, framkvæmdastjóri

